

Nd.

**284. Frumvarp til laga**

[153. mál]

um eftirlaun forseta Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

**1. gr.**

Sá, sem kjörinn hefur verið til og gegnt hefur embætti forseta Íslands, á rétt til launa eins og þau eru ákveðin í 1. gr. laga um laun forseta Íslands frá 6. marz 1964 — í fyrstu 6 mánuði eftir að hann lætur af embætti. Nú tekur hann stöðu í þjónustu ríkisins og fellur þá niður þessi launagreiðsla, ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka 6 mánaða tímans.

Þegar sá, er gegnt hefur embætti forseta Íslands samkvæmt framansögðu, hefur náð 65 ára aldri eða er öryrki og hefur látið af embætti, á hann að sex mánaða tím-  
anum liðnum rétt til eftirlauna.

Eftirlaunin skulu nema 60 hundraðshlutum af launum forseta Íslands eins og þau eru ákveðin í 1. gr. laga um laun forseta Íslands frá 6. marz 1964. Ef hann hefur gegnt embættinu í meir en eitt kjörtímabil, skulu eftirlaunin vera 70 hundraðshlutar launa forseta Íslands og 80 hundraðshlutar, hafi hann gegnt embættinu lengur en tvö kjörtímabil.

Nú andast maður, er eftirlaun tekur samkvæmt þessari grein, og skal þá greiða ekkju hans 60 hundraðshluta þeirra eftirlauna, sem hann naut. Sömu eftirlaun skal hún fá eftir lát manns síns, enda þótt hann hafi ekki náð 65 ára aldri, er hann lézt.

Undanþága samkvæmt 2. gr. laga um laun forseta Íslands nær ekki til eftirlaunanna.

**2. gr.**

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lög vantar fyrirmæli um biðlaun og eftirlaun forseta Íslands. Í frv. þessu er lagt til, að um þetta verði sett svipuð ákvæði og nú eru í lögum um ráðherra þó með nokkru hærri hundraðshluta af launum fyrir forseta. Ákvæðin þarfnast ekki skýr-  
inga, enda er sjálfsagt, að farið verði eftir ákvæðum hliðstæðra laga og þá einkum laganna um eftirlaun ráðherra að svo miklu leyti, sem vafi kann upp að koma. Þess skal þó getið, að ekki er ætlað til, að forseti Íslands fái eftirlaun á meðan hann gegnir embætti, sem eðli málsins samkvæmt er ætlað til lífsframfærslu, þótt annað sé en embætti forseta Íslands, og hann hefur tekið við, eftir að hann lét af forseta-  
embættinu.